

Hvalfjarðarsveit
Laufey Jóhannsdóttir,
sveitarstjóri
Innrimel 3, Melahverfi
301 Akranes



Reykjavík, 13. mars 2012
UST20120200233/dg

**Grundartangi stóriðnaðarsvæði, spennuvirkni.
Skipulagslýsing deiliskipulags á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit**

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags 23. febrúar sl. þar sem Hvalfjarðarsveit óskar eftir umsögn um skipulagslýsing vegna deiliskipulags, spennuvirkis á Grundartanga í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi Grundartanga stóriðnaðarsvæðis felur í sér skilgreiningu og staðsetningu lóðar undir yfirbyggt tengivirki 400 kV, 220 kV og 132 kV, þar sem flutningslinur raforku liggja að svæðinu. Innan hinnar nýju lóðar verða eingöngu mannvirki sem hýsa sjálf spennivirkin og tilheyrandi búnað. Tilefni deiliskipulagsins eru áform um að styrkja flutningskerfi Landsnets að iðnaðar- og athafnasvæðunum á Grundartanga. Áætlað er að reisa virkið í þremur áföngum.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í inngangi skýrslunnar er villa í staðsetningu framkvæmdarinnar miðað við uppdrátt sem sýnir staðsetningu lóðarinna. Í textanum segir að verkáætlunin taki til nýs deiliskipulags á Grundartanga, iðnaðarsvæði I2, Brennimel norð-vestan lóðar Norðuráls, norðan Leynisvegar og sunnan Grundartangavegar. Brennimelur skilgreint iðnaðarsvæði I2 er ekki á þessu svæði, heldur er um að ræða lóð á Grundartangasvæðinu að stærstum hluta innan svæðis skilgreindu sem II á sveitarfélagsupprætti. Þessi villa er svo endurtekin í skýrslunni.

Staðsetning lóðar

Umhverfisstofnun vill benda á að umrædd lóð á uppdrætti fer yfir vegi og yfir á opið svæði sem skilgreint er O12 á sveitarfélagsupprætti Klafastaðir/Grundartangi-skógræktarsvæði.

Sjónræn áhrif


Í skýrslunni kemur fram að um sé að ræða stórar byggingar og vill Umhverfisstofnun beina þeim tilmælum til sveitarfélagsins að lágmarka sjónræn áhrif sem mögulegt er, en við hönnun

mannvirkja skal gæta þess að þau falli sem best að svipmóti lands, samkvæmt 35. gr. í lögum nr. 44/1999 um náttúrvernd. Umhverfisstofnun vill beina þeim tilmælum til sveitarfélagsins að gæta þess að byggingaskilmálar taki til þessa þáttar.

Að öðru leyti en því sem að framan greinir, gerir Umhverfisstofnun ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
deildarstjóri


Drífa Gustafsdóttir
sérfræðingur